



Borgarráð

***Erindisbréf starfshóps og framkvæmdanefndar um uppbyggingu þjóðarleikvanga í íþróttum - þjóðarhöll í innanhúsiþróttum***

Hjálögð erindisbréf starfshóps um uppbyggingu þjóðarleikvanga í íþróttum og framkvæmdanefndar vegna uppbyggingar þjóðarhallar í innanhúsiþróttum eru lögð fram til kynningar. Jafnframt er lagt til að meðfylgjandi fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanefndar um þjóðarleikvang í innanhúsiþróttum verði samþykkt þar sem gert er ráð fyrir að hluti Reykjavíkurborgar í þeim kostnaði verði 50% á móti ríkinu. Kostnaður Reykjavíkurborgar verði fjármagnaður af kostnaðarstað á framkvæmdaáætlun íþróttamál – kostn.st. Íþróttahús í Laugardal.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um uppbyggingu þjóðarleikvanga í íþróttum.

Erindisbréf vegna uppbyggingar þjóðarhallar í innanhúsiþróttum – framkvæmdanefnd.

Fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanefndar um þjóðarleikvang.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um uppbyggingu þjóðarleikvanga í íþróttum

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík og mennta- og barnamálaráðherra

### Inngangur:

Starfshópurinn er skipaður til þess að halda utan um samstarf ríkis og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu þjóðarleikvanga í innanhúsiþróttum, frjálsiþróttum og knattspyrnu.

Ríkið og Reykjavíkurborg eru sammála um að ráðast í byggingu þjóðarhallar í innanhúsiþróttum í Laugardal, hér eftir nefnd Þjóðarhöllin. Um er að ræða Þjóðarhöll sem uppfyllir kröfur fyrir alþjóðlegar keppnir í innanhúsiþróttagreinum auk þarfa Reykjavíkurborgar fyrir aðstöðu skóla og íþróttafélaga.

Ríki og Reykjavíkurborg munu tryggja fjármögnun á stofnkostnaði í sínum langtímaáætlunum. Kostnaðarmat mun liggja fyrir eftir frumathugun og endanlega hönnun. Kostnaðarskipting milli ríkis og Reykjavíkurborgar um framkvæmdir og rekstur mun taka mið af nýtingu mannvirkisins sem og þeirra krafna sem hvor aðili hefur, ríkið vegna þarfa sérsambanda og alþjóðlegra krafna til keppnisaðstöðu landsliða og Reykjavíkurborg vegna þarfa íþróttafélaga og íþróttakennslu. Fyrir liggur greining á þörfum sérsambanda ÍSÍ fyrir æfingar og keppni landsliða. Einnig liggur fyrir greining á þörfum Reykjavíkurborgar vegna íþróttafélaga og íþróttakennslu skóla. Kanna þarf til hlítar aðra notkunarmöguleika mannvirkisins.

Aðilar munu sameiginlega skipa starfshóp um uppbyggingu þjóðarleikvangs fyrir innanhúsiþróttir, framkvæmdanefnd og ráðgjafaráð. Hlutverk starfshópsins er að vera fulltrúar eigenda vegna uppbyggingar mannvirkisins. Hópnum er falið að leiða ákvarðanatöku fyrir hönd umbjóðenda sinna m.a. að fengnum tillögum frá framkvæmdanefnd og ráðgjafaráði. Hópurinn hefur það hlutverk að samþætta störf framkvæmdanefndar, ráðgjafaráðs og þeirra samráðshópa sem starfræktir verða vegna uppbyggingarinnar. Hópnum er jafnframt falið að fylgja tímasettri framkvæmdaáætlun eftir.

Starfshópurinn skipa:

Arnar Þór Sævarsson, fulltrúi mennta- og barnamálaráðherra

Huginn Freyr Þorsteinsson, fulltrúi forsætisráðherra

Steinunn Sigvaldadóttir, fulltrúi fjármálaráðherra

Ómar Einarsson fulltrúi Reykjavíkurborgar

Halldóra Káradóttir fulltrúi Reykjavíkurborgar

Þórhildur Lilja Ólafsdóttir fulltrúi Reykjavíkurborgar

Starfsmaður nefndarinnar er Örvar Ólafsson sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti.

### Samráð og samstarf:

Sjá meðfylgjandi skipurit vegna verkefnisins.

Starfshópur um uppbyggingu þjóðarleikvanga skal kynna reglulega framvindu verkefnisins í borgarráði og fyrir mennta- og barnamálaráðherra og ríkisstjórn. Tryggja skal nauðsynlegt samráð við væntanlega notendur mannvirkjanna á öllum stigum verkefnisins sbr. erindisbréf framkvæmdanefndar.

**Starfstímabil:**

Framkvæmdanefndin starfi þangað til að uppbyggingu Þjóðarhallar er lokið.

Reykjavík, 2022

Dagur B. Eggertsson

Ásmundur Einar Daðason

Fsk. Viljayfirlýsing ríkisstjórnar og Reykjavíkurborgar.

# ERINDISBRÉF

## Vegna uppbyggingar Þjóðarhallar í innanhússiþróttum

### Framkvæmdanefnd

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík og mennta- og barnamálaráðherra

#### Inngangur:

Ríkið og Reykjavíkurborg eru sammála um að ráðast í byggingu Þjóðarhallar í innanhússiþróttum í Laugardal, hér eftir nefnd Þjóðarhöllin. Um er að ræða Þjóðarhöll sem uppfyllir kröfur fyrir alþjóðlegar keppnir í innanhússiþróttagreinum auk þarfa Reykjavíkurborgar fyrir aðstöðu fyrir skóla og íþróttafélög.

Ríki og Reykjavíkurborg munu tryggja fjármögnun á stofnkostnaði í sínum langtímaáætlunum. Kostnaðarmat mun liggja fyrir eftir frumathugun og endanlega hönnun. Kostnaðarskipting milli ríkis og Reykjavíkurborgar um framkvæmdir og rekstur mun taka mið af nýtingu mannvirkisins sem og þeirra krafna sem hvort aðili hefur, ríkið vegna þarfa sérsambanda og alþjóðlegra krafna til keppnisaðstöðu landsliða og Reykjavíkurborg vegna þarfa íþróttafélaga og íþróttakennslu. Fyrir liggur greining á þörfum sérsambanda ÍSÍ fyrir æfingar og keppni landsliða. Einnig liggur fyrir greining á þörfum Reykjavíkurborgar vegna íþróttafélaga og íþróttakennslu skóla. Kanna þarf til hlítar aðra notkunarmöguleika mannvirkisins.

Hlutverk framkvæmdanefndar er að leiða faglega vinnu vegna allra þátta uppbyggingar mannvirkisins og skipulags því tengdu s.s. vegna hönnunar, útboða, tæknilegrar útfærslu, rekstrarforms og hvernig staðið verður að fjármögnun. Einnig að fylgja eftir að nauðsynlegir verkþættir vegna uppbyggingar mannvirkis fyrir innanhússiþróttir í Laugardal séu framkvæmdir samkvæmt þeim reglum sem gilda um opinberar framkvæmdir. Er þá átt við frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat. Hópnun er falið að útbúa tímasetta framkvæmdaáætlun vegna uppbyggingar mannvirkisins. Framkvæmdanefndin gefur starfshópi um uppbyggingu þjóðarleikvanga reglulega upplýsingar um framgang verkefnisins auk þess að tryggja nauðsynlegt samráð við ráðgjafaráð skipað hagsmunaaðilum og öðrum notendum mannvirkisins. Framkvæmdanefndin ræður verkefnastjóra í samráði við starfshóp um þjóðarleikvanga og kallar til ráðgjafa eftir því sem við á.

#### Framkvæmdanefnd um Þjóðarhöll í innanhússiþróttum skipa:

Formaður Gunnar Einarsson  
Fulltrúi ríkisins Jón Viðar Guðjónsson  
Fulltrúi ríkisins Þórey Edda Elísdóttir  
Fulltrúi Reykjavíkurborgar Ómar Einarsson  
Fulltrúi Reykjavíkurborgar Ólöf Örvarsdóttir

Ráðinn verður starfsmaður sem vinnur með framkvæmdanefnd

**Starfstímabil:**

Framkvæmdanefndin starfi þangað til að uppbyggingu Þjóðarhallar er lokið.

Reykjavík, 2022

Dagur B. Eggertsson

Ásmundur Einar Daðason

Fsk. Viljayfirlýsing ríkisstjórnar og Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanefndar um þjóðarleikvang inniþrótta  
Fjárhagsáætlun vegna vinnu við frumathugun og áætlanagerð

<b>Liður</b>	<b>Samtals</b>
Framkvæmdanefnd	11.000.000
Starfsmaður	13.500.000
<u>Annar sérfræðikostnaður og ráðgjöf</u>	<u>7.000.000</u>
<b>Samtals</b>	<b><u>31.500.000</u></b>

Forsendur eru vinna í ca. 8 mánuði til þess að klára frumathugun og áætlanagerð.

\*Reiknað er að sérfræðingar framkvæmdanefndar geti unnið einstök verkefni og er þá greitt samkvæmt tímakaupi

Gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist jafnt á milli mennta- og barnamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar